

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Styrktarsjóð Sparnaðar.

### 1. gr.

#### *Heiti.*

Sjálfseignarstofnunin heitir Styrktarsjóður Sparnaðar og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

### 2. gr.

#### *Heimilisfang.*

Heimilisfang sjóðsins er í sveitarfélaginu Kópavogi.

### 3. gr.

#### *Markmið og styrkveitingar.*

Tilgangur sjóðsins er að starfa að almannaheill og góðgerðarmálum í þágu verkefna sem varða almannahag til framtíðar, s.s. vegna verkefna sem tengd eru menntun, heilbrigði, öldruðum og öryrkjum, og er markmið sjóðsins að styrkja og skipuleggja eftir þörfum hvers konar starfsemi og þjónustu í þágu framangreindra markmiða.

Styrki skal veita úr sjóðnum minnst árlega. Skulu þeir auglýstir opinberlega eða kynntir á annan þann hátt sem stjórnin telur fullnægjandi, en stjórn er ekki bundin við innsendar umsóknir við úthlutun styrkja. Stjórnin ákveður upphæð styrkja sem mega vera breytilegir. Ekki er skylt að úthluta árlegri ávöxtun sjóðsins á hverju ári. Sé það ekki gert hækkar ráðstöfunarfé sjóðsins til úthlutunar sem því nemur næsta/næstu ár á eftir.

### 4. gr.

#### *Stofnandi.*

Stofnandi sjóðsins er: Sparnaður ehf., kt. 570902-2450. Framlag stofnanda er kr. 8.500.000.

### 5. gr.

#### *Stofnfé.*

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.500.000 sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í stofnuninni.

### 6. gr.

#### *Tekjur sjóðsins.*

Tekjur sjóðsins eru framlög í hann og gjafir, verðbætur og vextir ásamt öðrum verðmætum sem safnast í nafni sjóðsins.

### 7. gr.

#### *Stjórn.*

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum til 3 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðal-  
mönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hans sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn sjóðsins getur veitt umboð fyrir sjóðinn.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

## 8. gr.

*Fundarboðun.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

## 9. gr.

*Aðrar stjórnareiningar.*

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur sjóðsins, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

## 10. gr.

*Endurskoðendur.*

Stjórn sjóðsins skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga sjóðsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

## 11. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta.

## 12. gr.

*Breyting samþykkt, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

## 13. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með skv. lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 22.nóvember 2013,*

**Björn Ingi Óskarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrímsdóttir.*